

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Fimmtudaginn 20. september 2018, kl. 12:00 í HR

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Helga Tryggvadóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir og Svanhildur Svavarsdóttir. Klara Guðbrandsdóttir og Margrét Arnardóttir voru á Skype.

1. Ákveðið er að prenta út veggspjöld fyrir dag náms- og starfsráðgjafa. Systa skoðar kostnað við þetta.
2. Afsláttur af þátttökugjaldi á Degi náms- og starfsráðgjafar fyrir félagsmenn verður 20% . Samþykkt var að rukka þá sem ekki eru félagsmenn á viðburði félagsins sem eru félagsmönnum að kostnaðarlausu.
3. Helga Tr. fékk sent erindi frá Mín líðan. Hún áframsendi það á fræðslunefnd og fagrað framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífs. Nefndirnar og ráðin ákveða hvað þau gera með þetta.
4. Auglýsing um SEF styrk - Hildur Katrín og Helga Tr. sækja um.
5. Helga Tr. fékk afrit af bréfi sem FF sendi á skólameistara framhaldsskóla vegna launagreiðslu sem ráðgjafar í framhaldsskólum áttu að fá 1. ágúst en hafa ekki enn fengið. Helga bað um að fá að fylgjast með svörum.
6. Fræðslunefnd – Dagur náms- og starfsráðgjafar
 - Inga Berg kom á fundinn fyrir hönd fræðslunefndar. Hún fór yfir þær hugmyndir sem komnar eru fyrir daginn okkar 9. nóvember. Hún byrjaði á að segja okkur frá fyrsta fræðslufundi vetrarins en 24. september verður Steinunn Anna sálfræðingur með fræðslu um kvíða í FÁ, fyrirlesturinn kostar 50.000 kr. Spurt var hvort hægt sé að senda út í fjarfundi, Inga mun hafa samband við FÁ vegna þessa. Boðið verður upp á kaffi og eitthvað með því.
 - Þann 7. desember verður Séra Ólafur Jóhann prestur með hádegishugvekju.
 - Búið er að bóka sal og veitingar á Natura fyrir Dag náms- og starfsráðgjafar.
 - Hugmyndir að dagskrá þann 9. nóvember:
 - Kulnun í starfi, bæði út frá okkur sem einstaklingum og í starfi.
 - Vinnuvernd, fá vinnusálfræðing til að fjalla um streitu og vellíðan í starfi
 - Streituskólinn, fræðsla um kulnun
 - Heiðursfélagi, Helga Tr. sendir á félagsmenn og óskar eftir tilnefningum.
7. Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning - Elín Thorarensen biður um að við tökum meiri þátt en hingað til og erum við til í það. Verðum með bás og göngum um svæðið, fá merkispjöld til að merkja okkur sem náms- og starfsráðgjafa.

8. Þátttaka náms- og starfsráðgjafa á morgunverðarfundum Samorku- erindi frá Lovísu Árnadóttur upplýsingafulltrúa Samorku. Hildur Katrín sér um þetta.
9. Hugmynd að málþingi – Helga Tr. kom með þá hugmynd að félagið kæmi af stað málþingi um brotthvarf og náms- og starfsráðgjöf.
10. Stefnumótun
 - a. Náms- og starfsráðgjafahópur
 - b. Símtal frá Guðbjörgu Vilhjálms, Raimo Vuorinen er gestafyrirlesari næstu fimm árin. Við höfum aðgang að manni sem er kanóna í Evrópu í þessum málum. Gott að nýta í stefnumótunina.

Fundi slitið kl. 13:10

Næsti fundartími var ekki ákveðinn.

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir

Sæl og blessuð Helga,

Til hamingju með formennskuna í FNS 😊

Mig langar að vekja athygli þína á því að dagana 14. – 16. mars 2019 mun Verkiðn halda „Mín framtíð 2019“: Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu dagana í Laugardalshöll í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélög og fagfélög iðn- og starfsgreina.

Við höfum verið í nokkru samstarfi við FNS í síðustu tvö skiptin sem þessi viðburður var haldinn. Það er ósk okkar að FNS taki þátt í þetta sinn líkt og áður.

Félagið hefur mannað kynningarstand til að kynna starfsemi sína, gott væri að heyra frá þér fyrst hvort þið viljið ekki endurtaka það.

Ef þið eruð til í meiri aðkomu þá væri það vel þegið. Er ég þá t.d. að tala um að kynna viðburðinn á ykkar vettvangi og hvetja skóla til þátttöku. Jafnvel líka vera með góða mönnun á sýningunni en það vantar t.d. alltaf mannskap til að vera á gangi um svæðið til að ræða við krakkana, fræða þá og gæta þess að allt fari vel fram.

Til fróðleiks þá eru meðfylgjandi drög að bréfum sem send verða í vikunni til grunn- og framhaldsskóla .

Ég hlakka til að heyra frá þér 😊

Með bestu kveðju,
Elín

Elín Thorarensen, verkefnisstjóri
s. 861 3823

Sæl öll

Nú er Mín líðan (www.minlidan.is) komin í loftið og er fyrsta íslenska fjargeðheilbrigðisþjónustan sem starfar með leyfi frá Embætti landlæknis. Mín líðan býður upp á sálfræðimeðferð á netinu við þunglyndi og félagskvíða og er bylting í geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi.

Meðferðin er margfalt ódýrari en hefðbundin sálfræðimeðferð á stofu og er áherslan lögð á væg til miðlungs einkenni.

Meðferðarúrræðið eykur aðgengi að hagvæmri og árangursríkri sálfræðiþjónustu og þá sérstaklega fyrir landsbyggðina.

Það væri gaman að fá að koma við hjá ykkur við tækifæri, kynna okkur og kynna meðferðarúrræðið. Við höfum fengið ábendingar frá nokkrum náms- og starfsráðgjöfum að hafa samband við ykkur og fá að koma á fræðslufund hjá ykkur og kynna þetta nýja byltingarkennda meðferðarúrræði.

Í viðhengi er kynning á Mín líðan.

Það gæti verið gagnlegt að hlusta á þau viðtöl sem hafa farið fram í fjölmiðlum um Mína líðan. Sjá t.d. hér: <https://k100.mbl.is/brot/spila/3848/>, hér <http://www.ruv.is/thaettir/mannlegi-thatturinn> og hér <http://www.visir.is/g/2018180109116>

Hlökkum til að heyra frá ykkur,
Sveinn Óskar & Tanja Dögg sálfræðingur
Mín líðan ehf
www.minlidan.is
694-9385 / 691-8191

Heil og sæl.

Takk fyrir þetta mjög svo áhugaverða erindi. Ég áframsendi þetta á fræðslunefndina og fagráð framhaldsskóla og atvinnulífsins sem starfa innan FNS.

Kveðja

Helga Tryggva

Formaður FNS

Heil og sæl.

Þetta skeyti er áframsent á fræðslunefnd FNS og fagráð framhaldsskóla, háskóla og atvinnulífs. Endilega hafið samband við viðkomandi ef þið hafið áhuga á að fá kynningu og þetta rúmast í dagskrá hjá ykkur. Einnig er tækifæri á fundinum 31. ágúst til að ræða málið.

Kveðja

Til formanns Félags náms- og starfsráðgjafa, Helgu Tryggvadóttur

Eftirfarandi bréf var í morgun sent til skólameistara í framhaldsskólum til að kanna hvort umsamin upphæð til stuðnings störfum þinna félagsmanna, skv. bókun 8 í samkomulagi KÍ/FF við ríkið frá 21. apríl sl., hafi borist og hvernig kjarabæturnar væru útfærðar í hverjum skóla.

Með bestu kveðjum,

Steinunn Inga Óttarsdóttir

Sérfræðingur á kjara- og réttindasviði FF og fulltrúi Vísindasjóðs FF og FS

Félag framhaldsskólakennara

Kennarasamband Íslands

Laufásvegi 81

101 Reykjavík

bs. 595 1118

From: Steinunn Inga Óttarsdóttir

Sent: 13. september 2018 09:32

Subject: Bókun 8 frá 21. apríl 2018

Ágæti skólameistari

Samkvæmt bókun 8 í [samkomulagi KÍ/FF við fjármála- og efnahagsráðherra](#), dags. 21. apríl 2018, fengu framhaldsskólar 12 milljónir samtals á ársgrundvelli sem ráðstafa skal til stuðnings við störf náms- og starfsráðgjafa að meðtöldum launatengdum gjöldum frá 1. ágúst.

FF óskar svara við tveimur spurningum:

Hafa umsamdar kjarabætur náms- og starfsráðgjafa samkvæmt bókuninni skilað sér til þeirra í þínum skóla? Og hvernig er þeim kjarabótum háttað?

Með bestu kveðjum,

Steinunn Inga Óttarsdóttir

Sérfræðingur á kjara- og réttindasviði FF og fulltrúi Vísindasjóðs FF og FS

Félag framhaldsskólakennara

Kennarasamband Íslands

Laufásvegi 81

101 Reykjavík

Auglýst eftir umsóknum um gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki

[SEF](#) (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara) auglýsir eftir umsóknum um gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrki. **Umsóknarfrestur er 9. október 2018, kl. 16:00.**

Um er að ræða styrki fyrir:

- a. Skólameistara framhaldsskóla: sem tilnefnir 1-2 kennara til að sækja námskeið eða ráðstefnu erlendis. Styrksupphæð er 250.000 krónur á þátttakanda og skulu þátttakendur sækja sama námskeið. Einnig getur skólameistari sótt um styrk fyrir gestafyrirlesara til að halda erindi í skólanum að hámarki 80.000 krónur.
- b. Faggreinafélag: sem tilnefna 1-2 stjórnarmenn til að sækja námskeið eða ráðstefnu erlendis. Styrksupphæð er 250.000 krónur á þátttakanda og skulu þátttakendur sækja sama námskeið. Einnig getur faggreinafélagið sótt um styrk fyrir gestafyrirlesara til að halda erindi fyrir félagið að hámarki 80.000 krónur.

Ferðatímabilið / gestafyrirlesturinn í þessari umsóknarumferð er 1. nóvember 2018 – 31. október 2019. Umsóknir skulu innihalda rökstudda lýsingu á því hvernig námskeiðið, ráðstefnan eða gestafyrirlesarinn gagnist skólanum, kennurunum og skólasamfélaginu. Stjórn SEF mun meta umsóknir og vel unnin umsókn er skilyrði fyrir styrkveitingu.

[Hér má nálgast ítarlegri úthlutunarreglur.](#)

Sótt er um rafrænt í [umsóknakerfi Rannís](#)

Nánari upplýsingar gefur Jón Svanur Jóhannsson, verkefnastjóri innlendra menntasjóða, í síma 515-5820 eða með tölvupósti í [jon.svanur.johannsson\(hja\)rannis.is](mailto:jon.svanur.johannsson(hja)rannis.is)

Bestu kveðjur|Kind regards

Jón Svanur Jóhannsson

Mennta- og menningarsvið|Education and Culture Division|Nordplus Junior
Rannsóknamiðstöð Íslands – Rannís|The Icelandic Centre for Research – RANNIS
Borgartún 30, IS-105 Reykjavík, Iceland
Sími|Tel: +354 515 5820